

## Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar - mars 2002

Nú liggja fyrir tölur um greiðsluafkomu ríkissjóðs fyrir fyrsta ársfjórðung ársins. Uppgjörið hér á eftir sýnir sjóðhreyfingar og er sambærilegt við almenn sjóðstreymisýfirlit. Tölurnar eru því ekki samanburðarhæfar við ríkisreikning eða fjárlög ársins sem eru sett fram á rekstrargrunni.

Handbært fé frá rekstri var neikvætt um ½ milljarð króna samanborið við 1½ milljarð á sama tíma í fyrra. Hreinn lánsfjárfjöfnuður var í jafnvægi, samanborið við tæplega 4 milljarða króna neikvæða stöðu á sama tíma í fyrra.

Heildartekjur ríkissjóðs námu 55½ milljarði króna og hækka um tæplega 1½ milljarð frá fyrra ári, eða um tæplega 3%. Skatttekjur ríkissjóðs hækka um svipað hlutfall. Til samanburðar má nefna að almennar verðbreytingar námu rétt um 9% á þessu tímabili og því ljóst að áfram gætir verulegs samdráttar í efnahagslífinu. Til marks um þetta má nefna að tekjur af virðisaukaskatti eru nánast óbreyttar að krónutölu frá því í fyrra og að vörugjald af bifreiðum lækkar um tæplega þriðjung. Tekjuskattar einstaklinga og fjármagnstekjuskattur skila hins vegar umtalsverðum tekjuauka miðað við fyrra ár.

Greidd gjöld nema 55,9 milljörðum króna og hækka um tæpan ½ milljarð frá fyrra ári, eða aðeins 0,8%. Greiðslur til almennra mála og félagsmála hækka samtals um 5,1 milljarð, en á móti vega 4,6 milljarða lægri greiðslur vaxta auk 0,4 milljarða króna lækkunar á greiðslum til landbúnaðarmála. Þar sem uppgjörið nær aðeins til þriggja mánaða er samanburður við fyrra ár og áætlun háður nokkurri óvissu vegna þess að greiðslur geta færst til milli mánaða.

Lántökur innanlands námu 5,5 milljörðum króna. Gjaldlagi erlends langtímaláns var fjármagnaður með lántöku á erlendum skammtímamarkaði. Þá voru 2,3 milljarðar greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs. Greiðsluafkoma ríkissjóðs var jákvæð um 2,7 milljarða króna, samanborið við neikvæða 0,8 milljarða á sama tíma í fyrra.

### Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-mars (í milljónum króna)

	<u>1998</u>	<u>1999</u>	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>
Innheimtar tekjur.....	35.467	44.271	49.704	54.010	55.454
- Sala eigna.....	-42	-383	-343	-73	-31
Greidd gjöld.....	35.781	40.910	45.210	55.485	55.945
<b>Handbært fé frá rekstri.....</b>	<b>-356</b>	<b>2.978</b>	<b>4.151</b>	<b>-1.548</b>	<b>-522</b>
<b>Fjármunahreyfingar.....</b>	<b>330</b>	<b>-6.962</b>	<b>2.280</b>	<b>-2.203</b>	<b>588</b>
<b>Hreinn lánsfjárfjöfnuður.....</b>	<b>-26</b>	<b>-3.984</b>	<b>6.431</b>	<b>-3.751</b>	<b>66</b>
<b>Afborganir lána.....</b>	<b>-2.064</b>	<b>-16.142</b>	<b>-18.356</b>	<b>-6.400</b>	<b>-10.753</b>
Innanlands.....	-1.890	-6.490	-9.566	-6.355	-613
Erlendis.....	-174	-9.652	-8.790	-45	-10.140
<b>Greiðslur til LSR og LH.....</b>	<b>0</b>	<b>-500</b>	<b>-1.500</b>	<b>-3.750</b>	<b>-2.250</b>
<b>Lánsfjárfjöfnuður. brúttó.....</b>	<b>-2.090</b>	<b>-20.626</b>	<b>-13.425</b>	<b>-13.902</b>	<b>-12.938</b>
<b>Lántökur.....</b>	<b>1.618</b>	<b>10.092</b>	<b>12.604</b>	<b>13.113</b>	<b>15.634</b>
Innanlands.....	5.145	751	5.234	9.433	5.515
Erlendis.....	-3.527	9.341	7.370	3.680	10.119
<b>Greiðsluafkoma ríkissjóðs.....</b>	<b>-472</b>	<b>-10.534</b>	<b>-821</b>	<b>-789</b>	<b>2.696</b>

**Tekjur ríkissjóðs janúar-mars**  
(Í milljónum króna)

	Breyting frá fyrra ári. %						
	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>1999</u>	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>
<b>Skatttekjur í heild.....</b>	<b>46.030</b>	<b>50.066</b>	<b>51.516</b>	<b>23,1</b>	<b>13,4</b>	<b>8,8</b>	<b>2,9</b>
<b>Skattar á tekjur og hagnað.....</b>	<b>15.799</b>	<b>18.912</b>	<b>20.483</b>	<b>15,9</b>	<b>20,7</b>	<b>19,7</b>	<b>8,3</b>
Tekjuskattur einstaklinga.....	10.552	11.970	13.645	15,2	12,4	13,4	14,0
Tekjuskattur lögaðila.....	1.479	2.235	1.161	20,1	9,6	51,1	-48,1
Skattur á fjármagnstekjur.....	3.768	4.707	5.677	16,7	59,8	24,9	20,6
<b>Tryggingagjöld.....</b>	<b>4.613</b>	<b>4.929</b>	<b>5.505</b>	<b>11,7</b>	<b>6,3</b>	<b>6,9</b>	<b>11,7</b>
<b>Eignarskattar.....</b>	<b>2.155</b>	<b>2.602</b>	<b>2.146</b>	<b>28,7</b>	<b>11,4</b>	<b>20,7</b>	<b>-17,5</b>
<b>Skattar á vöru og þjónustu.....</b>	<b>23.361</b>	<b>23.485</b>	<b>23.281</b>	<b>30,5</b>	<b>10,3</b>	<b>0,5</b>	<b>-0,9</b>
Virðisaukaskattur.....	13.978	14.302	14.302	33,5	13,9	2,3	0,0
Aðrir óbeinir skattar.....	9.383	9.183	8.979	26,5	5,3	-2,1	-2,2
Þar af:							
Vörugjöld af ökutækjum.....	1.191	833	571	59,5	-7,2	-30,1	-31,5
Vörugjöld af bensíni.....	1.768	1.608	1.556	-5,1	13,8	-9,0	-3,2
Þungaskattur.....	1.491	1.668	1.573	22,0	13,7	11,9	-5,7
Áfengisgjald og hagn. ÁTVR...	1.979	1.814	1.803	15,6	9,3	-8,3	-0,6
Annað.....	2.954	3.260	3.476	50,4	0,1	10,4	6,6
<b>Aðrir skattar.....</b>	<b>102</b>	<b>138</b>	<b>101</b>	<b>-12,7</b>	<b>112,5</b>	<b>35,3</b>	<b>-26,8</b>
<b>Aðrar tekjur.....</b>	<b>3.674</b>	<b>3.943</b>	<b>3.938</b>	<b>59,9</b>	<b>0,1</b>	<b>7,3</b>	<b>-0,1</b>
<b>Tekjur alls.....</b>	<b>49.704</b>	<b>54.010</b>	<b>55.454</b>	<b>25,5</b>	<b>12,3</b>	<b>8,7</b>	<b>2,7</b>

**Gjöld ríkissjóðs janúar-mars**  
(Í milljónum króna)

	Breyting frá fyrra ári. %						
	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>1999</u>	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>
<b>Almenn mál.....</b>	<b>5.350</b>	<b>5.256</b>	<b>6.418</b>	<b>14,9</b>	<b>17,2</b>	<b>-1,8</b>	<b>22,1</b>
Almenn opinber mál.....	3.226	2.880	3.798	10,8	18,4	-10,7	31,9
Löggæsla og öryggismál.....	2.125	2.377	2.620	21,5	15,4	11,9	10,2
<b>Félagsmál.....</b>	<b>25.134</b>	<b>30.327</b>	<b>34.305</b>	<b>10,2</b>	<b>5,1</b>	<b>20,7</b>	<b>13,1</b>
Þar af: Fræðslu- og menningarmál....	6.148	7.044	8.107	28,4	6,5	14,6	15,1
Heilbrigðismál.....	10.126	12.011	14.220	8,0	6,4	18,6	18,4
Almannatryggingamál.....	7.486	9.699	10.085	0,7	1,6	29,6	4,0
<b>Atvinnumál.....</b>	<b>6.422</b>	<b>8.403</b>	<b>8.069</b>	<b>15,9</b>	<b>7,4</b>	<b>30,8</b>	<b>-4,0</b>
Þar af: Landbúnaðarmál.....	2.503	3.433	3.017	9,6	6,7	37,2	-12,1
Samgöngumál.....	2.169	2.783	3.019	8,6	0,5	28,3	8,5
<b>Vaxtagreiðslur.....</b>	<b>6.434</b>	<b>8.868</b>	<b>4.282</b>	<b>34,4</b>	<b>27,5</b>	<b>37,8</b>	<b>-51,7</b>
<b>Aðrar greiðslur.....</b>	<b>1.868</b>	<b>2.630</b>	<b>2.871</b>	<b>17,2</b>	<b>31,6</b>	<b>40,8</b>	<b>9,2</b>
<b>Greiðslur alls.....</b>	<b>45.210</b>	<b>55.486</b>	<b>55.945</b>	<b>14,3</b>	<b>10,5</b>	<b>22,7</b>	<b>0,8</b>